



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 14. október 2024
MSS24090172

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun vaxtarmarka þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundi borgarstjórnar 1. október 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að leggja til við svæðisskipulagsnefnd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að hefja viðræður um endurskoðun vaxtarmarka þéttbýlis á höfuðborgarsvæðinu til að unnt verði að auka framboð lóða til íbúðaupbyggingar í Reykjavíkurborg.

Málinu var vísað til meðferðar borgarráðs.

Óskað er eftir að borgarráð taki málið til vinnslu og vísi tillögunni til umsagnar hjá eftirtöldum aðilum:

- Svæðisskipulagsnefnd/SSH: í umsögn skal koma fram: i) upplýsingar um hvað mörg erindi um breytt vaxtarmörk hafi borist og hvernig þau hafi verið afgreidd ii) hvaða upplýsingar liggja fyrir um uppbyggingarmöguleika innan skilgreindra vaxtarmarka á grunni gildandi skipulags (uppfærð Þróunaráætlun Höfuðborgarsvæðisins iii) hvað áætlaður kostnaður við heildarendurskoðun svæðisskipulagsins væri og hvernig hann skiptist iv) hver kostnaður væri við tillögu um breytt vaxtarmörk innan eins sveitarfélags yrði og hvernig sá kostnaður skiptist
- Umhverfis- og skipulagssviði/ráði: í umsögn skal koma fram: i) upplýsingar um uppbyggingarheimildir innan vaxtarmarka innan gildandi svæðisskipulags ii) upplýsingar um hugsanleg tækifæri til frekari uppbyggingar innan vaxtarmarka Reykjavíkur á grundvelli uppfærðs samgöngusáttmála
- frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun: í umsögn skal koma fram: mat á húsnæðisþörf og húsnæðiseftirspurn í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu til 2030, 2040 og 2050
- frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsviði í samráði við umhverfis- og skipulagssvið: mat á innviðakostnaði við mismundi þróun byggðar: þétting, þynning og hverfi þar á milli.
- Seðlabankanum: mat á húsnæðisþörf og húsnæðis eftirspurn í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu sbr. umfjöllun í nýjasta hefti Fjármálastöðugleika. Spár til 2030, 2040 og 2050 ef kostur er.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík